FUNDARBOÐ

54. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 26. nóvember 2026 og hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

1. 2611005F - Ungmennaráð - 12

Lögð fram 12. fundargerð ungmennaráðs.

2. 2611004F - Skóla- og fræðslunefnd - 29

Lögð fram 29. fundargerð skóla- og fræðslunefndar.

3. 2611002F - Safna- og menningarmálanefnd - 8

Lögð fram 8. fundargerð safna- og menningarmálanefndar.

4. 2611001F - Atvinnu- og nýsköpunarnefnd (SH) - 7

Lögð fram 7. fundargerð atvinnu- og nýsköpunarnefndar.

5. 2610005F - Skipulagsnefnd - 46

Lögð fram 46. fundargerð skipulagsnefndar.

6. 2611007F - Bæjarráð - 48

Lögð fram fundargerð 48. fundar bæjarráðs.

Erindi til kynningar

7. 2611023 - Niðurstöður kosninga

Lögð fram tilkynning kjörstjórnar um niðurstöður kosninga í dreifbýlisráð sem fram fóru 7. nóvember sl.

Bæjarráð þakkaði kjörstjórn, á 48. fundi sínum, fyrir sín störf og óskaði kjörnum fulltrúum til hamingju með kjörið.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

8. 2602005 - Móttaka skemmtiferðaskipa

Lagt fram að minnisblað bæjarstjóra ásamt glærum frá CLIA varðandi móttöku skemmtiferðaskipa í Stykkishólmi.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd lagði, á 7. fundi sínum, til við bæjarráð og hafnarstjórn að unnið verði að því að fjölga komum smærri skemmtiferðaskipa til Stykkishólms. Í því sambandi væri æskilegt að fulltrúi eða fulltrúar sveitarfélagsins sæki valdar ráðstefnur og nýti tengsl við Cruise Iceland og önnur sambærileg samtök til að hitta þá sem skipuleggja siglingaleiðir skipafélaganna.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd tók undir fyrirliggajndi gögn um að skipafélögunum verði boðinn sérstakur kynningarpakki byggður á fyrirliggjandi kynningarefni um Stykkishólm og höfnina. Þar verði lögð áhersla m.a. á upplýsingar um hafnaraðstöðu og tillögur að ferðum fyrir smærri hópa, svo sem með siglingu um eyjar Breiðafjarðar, göngu um gamla bæinn og smökkun á sjávarfangi úr firðinum á veitingarstöðum. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd taldi mikilvægt að Félag atvinnulífs í Stykkishólmi hafi hlutverki að gegna í þessu sambandi, m.a. við að koma skipafélögunum í samband við ferðaþjónustuaðila í sveitarfélaginu og að hafa milligöngu við að útbúa tillögur að ferðum fyrir smærri hópa, og óskaði eftir samvinnu við félagið í þessu sambandi.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd lagði til að sveitarfélagið og Félag atvinnulífs í Stykkishólmi boði í sameiningu til samtals við ferðaþjónustuaðila um móttöku smærri skemmtiferðaskipa. Eftir atvikum verði fulltrúum Cruise Iceland, annarra sambærilegra samtaka eða atvinnurekenda með reynslu af slíkri þjónustu boðið að taka þátt. Markmiðið verði að læra af reynslu annarra og ræða hvernig best megi þróa þessa þjónustu í Stykkishólmi.

Á 10. fundi hafnarstjórnar tók hafnarstjórn undir afgreiðslu atvinnu- og nýsköpunarnefndar.

Bæjarráð staðfesti, á 48. fundi sínum, afgreiðslu atvinnu- og nýsköpunarnefndar.

9. 1912009 - Skógarstrandarvegur

Á 48. fundi bæjarráðs var tekin til umfjöllunar staða framkvæmda á kaflanum frá Stykkishólmsvegi að Svelgsá og undirbúning næstu áfanga, þar á meðal þverunar Álftafjarðar.

Á 46. fundi bæjarráðs fagnaði bæjarráð því að áframhaldandi uppbygging Skógarstrandarvegar hefði verið tryggð í samþykktri samgönguáætlun 2026-2040 og ítrekaði mikilvægi þess að framkvæmdum yrði fylgt eftir af krafti. Skógarstrandarvegur væri stofnvegur og hluti grunnnets samgangna og hefði sveitarfélagið um árabil lagt þunga áherslu á uppbyggingu hans með vísan til umferðaröryggis, byggðaþróunar, atvinnulífs og þjónustu á svæðinu. Samþykkt samgönguáætlun gerði ráð fyrir áframhaldandi fjármögnun vegarins, bæði á fyrsta tímabili og síðari tímabilum áætlunarinnar.

Bæjarráð lagði sérstaka áherslu á að útboð vegna kaflans frá Stykkishólmsvegi að Svelgsá yrði auglýst sem fyrst og að framkvæmdum yrði hagað þannig að unnt yrði að ljúka verkinu eigi síðar en vorið 2027, í samræmi við fyrri áform Vegagerðarinnar. Bæjarráð óskaði jafnframt eftir því að Vegagerðin skoðaði, í samráði við sveitarfélagið og eftir atvikum landeigendur, hvort unnt væri að koma fyrir tímabundinni hjáleið um sumarhúsasvæðið að Saurum á framkvæmdatíma.

Bæjarráð lagði jafnframt þunga áherslu á að undirbúningi áframhaldandi uppbyggingar vegarins frá Svelgsá yrði hraðað, þar á meðal rannsóknum, valkostagreiningu og ákvörðun um framtíðarveglínu og þverun Álftafjarðar. Mikilvægt væri að niðurstaða um

nýja veglínu yfir Álftafjörð lægi fyrir eins fljótt og kostur væri, þannig að unnt yrði að hefja nauðsynlega skipulagsvinnu og tryggja samfellu í undirbúningi og framkvæmdum. Sveitarfélagið ynni að nýju aðalskipulagi og því væri sérstaklega brýnt að framtíðarveglína yfir Álftafjörð lægi fyrir svo unnt væri að samræma hana aðalskipulagi Sveitarfélagsins Stykkishólms og Dalabyggðar. Í því sambandi lagði bæjarráð áherslu á mikilvægi þess að um þessa vinnu ríkti náið samráð Vegagerðarinnar og beggja sveitarfélaga sitt hvorum megin Álftafjarðar.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd tók, á 7. fundi sínum, undir áherslur bæjarráðs um að kaflinn frá Stykkishólmsvegi að Svelgsá verði tilbúinn eigi síðar en vorið 2027. Jafnframt verði undirbúningi næsta áfanga Skógarstrandarvegar, þ.e. frá Svelgsá, inn í Dali hraðað eins og kostur er og að gert verði ráð fyrir þverun Álftafjarðar.

Bæjarráð staðfesti, á 48. fundi sínum, afgreiðslu atvinnu- og nýsköpunarnefndar.

10. 2611010 - Reglur um skólaakstur úr dreifbýli (staðfesting á núverandi fyrirkomulagi)

Lögð fram tillaga að reglum um skólaakstur í Sveitarfélaginu Stykkishólmi. Tillagan byggist á því fyrirkomulagi sem samþykkt var í Helgafellssveit á sínum tíma og hefur verið viðhaft áfram eftir sameiningu sveitarfélaganna sem gengur út á það að foreldrum í dreifbýli býðst að fá greiðslur byggðar á kólametragjaldi fyrir að aka börnum sínum úr dreifbýli í Grunnskólann í Stykkishólmi í stað þess að rekin sé skólarúta.

Með reglunum er fyrirkomulagið sem samþykkt var á sínum tíma fært í form reglna og afmarkað við þessar ferðir. Jafnframt er kveðið á um samninga, greiðsluviðmið, öryggi, árlega áætlun og málsmeðferð. Þá er tiltekið að samþykki fyrir skólavist utan sveitarfélagsins sem eða annað sambærilegur aktur veitir eðli málsins samkvæmt ekki rétt til greiðslu aksturskostnaðar.
Skóla- og fræðslunefnd styður að áfram verði byggt á því fyrirkomulagi að foreldrum séu greiddar kílómetragreiðslur fyrir akstur barna úr dreifbýli í Grunnskólann í Stykkishólmi samkvæmt samningi.

Skóla- og fræðslunefnd samþykkti, á 29. fundi sínum, reglur um skólaakstur og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja þær.

Bæjarráð samþykkti fyrirliggjandi reglur á 48. fundi sínum og lagði til við bæjarstjórn að samþykkjar þær.

11. 1904035 - Búðanes og Hjallatangi - göngustígar og skilti

Lögð fram greinargerð ásamt öðrum gögnum tengdri vinnu í tengslum við göngustíga og skilti við Búðarnes og Hjallatanga.

Safna- og menningarmálanefnd ítrekaði, á 8. fundi sínum, stuðning sinn við uppbyggingu sögu- og gönguleiðar um Búðarnes og Hjallatanga.

Safna- og menningarmálanefnd lagði áherslu á að Minjastofnun Íslands óski eftir því að verkefnið verði fært á verkefnaáætlun landsáætlunar um uppbyggingu innviða.

Bæjarráð staðfesti, á 48. fundi sínum, afgreiðslu safna- og menningarmálanefndar og fól bæjarstjóra að óska eftir því að verkefnið verði fært á verkefnaáætlun landsáætlunar um uppbyggingu innviða.

Afgreiðslur safna- og menningamálanefndar og bæjarráðs eru lagðar fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

12. 2610021 - Minnisvarði um Júlíönu Jónsdóttur

Lagður fram uppdráttur sem sýnir staðsetningu fyrir listaverk til heiðurs Júlíönu skáldkonu sem fyrirhugað er að setja upp á næsta ári.

Bæjarráð fagnaði, á 47. fundi sínum, fyrirliggjandi hugmynd að uppsetningu listaverks til heiðurs Júlíönu Jónsdóttur og óskaði eftir umsögn safna- og menningarmálanefndar og skipulagsnefndar um málið.

Safna- og menningarmálanefnd fagnaði, á 8. fundi sínum, fyrirhugaðri uppsetningu listaverks til heiðurs Júlíönu Jónsdóttur og taldi verkefnið mikilvægt framlag til sýnileika bókmennta- og menningarsögu sveitarfélagsins og hlut kvenna í henni.

Bæjarráð staðfesti, á 48. fundi sínum, afgreiðslu safna- og menningarmálanefndar.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

13. 2006020 - Samkomuhúsið í Stykkishólmi við Aðalgötu 6

Málefni samkomuhússins í Stykkishólmi voru tekin til umræðu á 8. fundi safna- og menningarmálanefndar.

Safna- og menningarmálanefnd ítrekaði mikilvægi þess að varðveita Samkomuhúsið og tryggja því framtíðarhlutverk í samfélags- og menningarlífi sveitarfélagsins. Nefndir taldi að núverandi notkun falli vel að því hlutverki, þar til uppbygging þess hefur farið fram.

Bæjarráð staðfesti, á 48. fundi sínum, afgreiðslu safna- og menningarmálanefndar.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

14. 2004031 - Heildarskipulag áningastaðar og útsýnissvæðis á Súgandisey

Bæjarráð samþykkti, á 46. fundi sínum, að skipaður verði þriggja manna vinnuhópur, einskonar spretthópur, til að vinna málefni Fjöreggsins áfram undir stjórn formanns bæjarráðs. Formanni bæjarráðs var falið að ljúka við skipun vinnuhópinn í samráði við oddvita beggja lista.

Fjöregg í Súgandisey var tekið til umræðu á ný í safna- og menningarmálanefnd á 8. fundi nefndarinnar.

Safna- og menningarmálanefnd ítrekaði stuðning sinn við uppbyggingu áningar- og útsýnissvæðis í Súgandisey á grundvelli fyrirliggjandi vinningstillögu og samþykkts deiliskipulags. Nefndir taldi að komi til skoðunar breytingar á fyrirliggjandi útfærslu eða staðsetningu verði þær metnar í samráði við hönnuði verkefnisins og í því sambandi verði gerð grein fyrir áhrifum breytinganna á listræna heild verksins, hvort fyrirliggjandi hönnun nýtist, áhrif á kostnað og síðast en ekki síst hvort líkar breytingar hefðu áhrif á forsendur styrkveitinga sem er grundvallaratriði hvað þetta varðar.

Bæjarráð staðfesti, á 48. fundi sínum, afgreiðslu safna- og menningarmálanefndar.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

15. 2311010 - Bæjarstjórn unga fólksins

Bæjarstjórn unga fólksins var tekin til umræðu á 12. fundi ungmennaráðs.

Farið var yfir fyrirkomulag bæjarstjórnafunda unga fólksins og kynnt sérstaklega fyrir nýjum meðlimum ungmennaráðs. Einnig var farið yfir fundargerðir síðustu þriggja funda og hvaða málefni hafa verið tekin fyrir.

Bókuð var tillaga til bæjarstjórnar um að hafa fundinn fyrstu vikuna í maí 2027.

Bæjarráð lagði til við bæjarstjórn, á 48. fundi sínum, að bæjarstjórn unga fólksins verði haldinn 6. maí 2027.

16. 2611020 - Viðauki 4 við fjárhagsáætlun 2026-2029

Lagður fram viðauki 4 við fjárhagsáætlun 2026.

Bæjarráð samþykkti, á 48. fundi sínum, viðauka 4 við fjárhagsáætlun 2026 og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja viðaukann.

17. 2611021 - Könnun á afstöðu til samtals um sameiningarmál

Lagt fram bréf til sveitarfélaga á Snæfellsnesi og Dalabyggðar vegna sameininga.

Bæjarráð samþykkti, á 48. fundi, bréfið og vísaði því til samþykktar í bæjarstjórn.

18. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra.

24.11.2026
Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.